



Úttekt

Málsnúmer: 2020060304

Búið til: 06/30/2020

Eigandi skjals: Helgi Guðjónsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	06/24/2020	Tími ferðar:
Fulltrúi HER:	Helgi Guðjónsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:
Tílefni skýrslu:	Úttekt	
Fyrirtækjaflokkur:	45.11 Niðurrif bygginga, jarðvegsvinna	

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	560301-3160
Heiti leyfishafa:	Dráttarbílar Vélaleiga ehf.	Staður leyfishafa:	Skeiðarás 4
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	20060158

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum :

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni .

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar , umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir :

Heilbrigðiseftirlitið kom í úttekt vegna niðurrifs á þakplötum úr asbesti á húsnæði við Dugguvog 41. Um er að ræða stálgrindarhús sem er klætt og botnplatan þar undir. Myndir voru teknar. Í húsnæðinu var áður bifreiðaverkstæði.

Fylgjast þarf með við niðurrif og jarðvinnu hvort að jarðvegur sé olíumengaður og ef svo er þarf að tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur . **Ábending**

Einnig er minnt á að olíumengaður jarðvegur telst sem spilliefni og þarf að skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku. **Ábending**

Rætt var við Alexander forsvarsmann Vogabyggðar og Ellert og húsnæðið skoðað í fylgd þeirra . Búið var að hreinsa að mestu innan úr húsnæðinu.

Ennþá eru staðar nokkur flúorljós í loftum , sem á að flokka sér og skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku. **Ábending.**

Lóð hefur ekki verið hreinsuð og eru bæði hlutir sem þarf að farga fyrir framan og aftan hús . Á lóðinni fyrir framan hús er m.a. :

Númerslaus bifreið sem að sögn Alexanders fyrri eigandi húsnæðisins á . Búið er að hafa samband við hann að sögn Alexanders og hann beðinn um að fjarlægja bílinn en annars verður það gert á hans kostnað.

Eitthvað af bifreiðadekkjum

3 rafgeymar, sem á að flokka sér og skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku. **Ábending.**

Járnarusl bæði fyrir framan og aftan hús.

Tvær olíutunnur, önnur virtist tóm en hin hálf full en tappa vantaði á tunnuna. Líklegast er um að ræða olíuúrgang, sem á að flokka sér og skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku. **Ábending.**

Fyrir aftan hús er m.a:

Ýmis konar brotajárn

Lagnaefni úr plasti

Plastdúkur

Tvö vörubretti af þurrblöndunarefni. Spasl, púss og steypa

Úrgangsolíutankur, sem virtist vera hálf fullur af úrgangsolíu, sem á að flokka sér og skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku. **Ábending.**

Rafmagnstæki, rafgeymar og önnur spilliefni skal flokka og skila sem spilliefni í úrgangsmóttöku ef það er ekki fjarlægt af eigendum. **Ábending.**

Það á að skila niðurrifsskýrslu ásamt afriti að kvittunum frá móttökuaðila til heilbrigðiseftirlitsins þegar niðurrifinu er lokið. Eyðublað fyrir niðurrifsskýrslu má finna aftast í meðfylgjandi starfleyfisskýrðum fyrir niðurrifi húsa. **Ábending.**

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Mengunarvarnir:

Heildareinkunn:

